



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

U S T

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 12. júní 2008
Tilvísun: UST20080500076/ksj

Breyting á legu Álftanesvegar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin felst í því að lega nýs Álftanesvegar breytist, þannig að um 1,5 km kafli vestur frá vesturjaðri Gálgahrauns verður lagður sunnar en áður var fyrirhugað samkvæmt svokallaðri leið D, sem fallist var á í mati á umhverfisáhrifum fyrir Alftanesveg og lengingu Vífilsstaðavegar, sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2002. Færslan til suðurs verður mest tæplega 250 m. Með breyttri legu vegarins mun hann liggja í sama vegstæði og núverandi vegur á um þriðjungi leiðarinnar. Samhliða þessari breytingu er gert ráð fyrir byggingarsvæði beggja vegna við Álftanesveg, sbr. auglýsta breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar, og er gert ráð fyrir tveimur veggengingum á milli þeirra og tveimur nýjum undirgöngum við göngustíga.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að markmiðið með breytingunum er að nýta betur núverandi vegstæði Álftanesvegar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Jarðmyndanir

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. um áhrif breyttrar legu Álftanesvegar á jarðmyndanir: „*Færsla vegarins mun hafa í för með sér rask á nokkru úfnara hrauni í vesturjaðri Garðahrauns en áður fyrirhuguð lega vegarins. Á móti kemur að lengd veglinu um hraunið styttist og ekki er um að ræða jarðmyndanir sem eiga engan sinn líka annars staðar í hrauninu.*“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt svörum sveitarfélagsins Garðabæjar við athugasemdum við auglýst aðalskipulag á sínum tíma var við val á vegarstæði í hrauninu leitast við að hafa það að leiðarlíði að fara um sléttasta hluta hraunsins. Í svörum við athugasemdum við auglýsta skipulagstillögu sagði m.a.: „*Mögulegt er að færa veginn um 200-220 m til suðurs, en það myndi leiða til þess, að farið yrði yfir fallegrí hraunmyndanir*

en ella. Á því svæði yrði að gera allbreitt öryggissvæði utan vegar með tilheyrandi spjöllum á hrauninu, þar sem hraunið meðfram vegstæðinu er mjög úfið og því slysavaldur við útakstur.“

Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2002 kemur fram að í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum er ítrekað að við val á leið nýs Álftanesvegar yfir hraunið hafi verið lögð áhersla á að fara yfir hraunið þar sem það sé að jafnaði minna úfið en annars staðar, einkum sunnar í hrauninu þar sem leiðir B og C færuru um. Í tilvísan til svara framkvæmdaraðila segir einnig: „*Að mati framkvæmdaraðila megi faera rök fyrir því að með því að hlífa úfnum hluta hraunsins að mestu, verði minnst skerðing á verndargildi þess. Ástæða þess sé sú að eftir því sem hraunið sé úfnara, sé meira um djúpar hrauntraðir eða rennur, niðurföll og upplyfta sprungna hóla. Pá sé gróður fjölbreyttari eftir því sem hraunið sé úfnara.*“

Sú breyting sem nú er lögð til á legu Álftanesvegar virðist því vera í ósamræmi við fyrri rök sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar fyrir staðsetningu vegarins, þar sem hann mun við breytinguna liggja yfir úfnara hraun. Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir því raski sem verður á hrauninu við fyrirhugaða færslu vegarins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar og lengingu Vífilsstaðavegar kom fram að í Gálgahrauni eru hraunmyndanir sem eru fyrirmyn dir í málverkum Jóhannesar Kjarvals. Stofnunin telur að ástæða væri til að gera grein fyrir nýri legu Álftanesvegar miðað þær jarðmyndanir enda lagði framkvæmdaraðili við mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar áherslu á að hlífa þeim hraunmyndunum sem Jóhannes Kjarval notaði sem fyrirmyn dir í fjölda málverka sinna, sbr. umfjöllun í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2002.

Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins) hefur við umfjöllun um fyrirhugaðan Álftanesveg samkvæmt mati á umhverfisáhrifum og endurskoðun á aðalskipulagi Garðabæjar ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að lega nýs vegar eigi að miðast við að sem mest verði eftir af Gálgahrauni sem óraskaðri og samfelldri heild. Stofnunin telur því að ef ástæða er til að endurskoða áform um legu nýs Álftanesvegar og nýta betur vegstæði númerandi vegar eigi að athuga með að leggja veginn samkvæmt þeim leiðum sem liggja sunnar í hrauninu. Í því sambandi má benda á að ekki er lengur talið neitt því til fyrirstöðu að hafa byggð beggja vegna vegarins, en í svörum sveitarfélagsins við athugasemdum sem bárust á sínum tíma við auglýsta tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 1995 – 2015 sagði m.a. (sbr. fylgiskjal með mati á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar):

„*Ástæður þess að Álftanesvegur er færður eru einkum tvær. Í fyrsta lagi tengjast hluta Álftanesvegar í dag um 15 hús og gætu þau orðið allt að 30 á fullbyggðu svæðinu. Um er að ræða margar tengingar inn á veginn. Þegar Garðaholt og Bessastaðahreppur eru fullbyggð, er áætlað, að umferð á Álftanesvegi verði um 17.000 bílar/sólarhring. Er augljóst, að ekki er unnt að tengja þessi hús við númerandi Álftanesveg í framtíðinni, og verður hann því að færast, og gamli vegurinn verður þá safngata fyrir húsin. Í öðru lagi er gert ráð fyrir stækken byggingarsvæðisins á Garðaholti vestan hraunjaðarins, og er óeðlilegt, að vegurinn kljúfi byggðina í sundur, og er því heppilegt, að hann liggi norðan byggðarinnar [leturbreyting UST]. Eins og áður segir er nú gert ráð fyrir byggð beggja vegna Álftanesvegar, sbr. umfjöllun í tilkynningu framkvæmdaraðila og auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Umhverfisstofnun hefur einnig komið athugasemdum þessa efnis á framfæri við Garðabæ í umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna færslu Álftanesvegar.*

Fuglalíf

Eins og fram kemur í tilkynningu um framkvæmdina fóru á sínum tíma fram rannsóknir á fuglum við möguleg vegarstæði Álftanesvegar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegagerðarinnar. Samkvæmt þeim rannsóknum er ekki talið að fuglar á válista verpi á eða í nágrenni athugunarsvæðisins. Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir að færsla vegarins verði til þess að hann muni að hluta liggja fjær svæði á náttúruminjaskrá, Lambhúsatjörn, en áður var fyrirhugað og muni því leiða til minni áhrifa á fugla.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í greinargerðum um fuglalíf sem unnar voru vegna mats á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar og lengingar Vífilsstaðavegar kemur fram að talsvert kríuvarp er vestan Gálghrauns og nær það suður á Garðaholt. Það varp er nær allt innan byggðar sem fyrirhuguð er samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar, en Umhverfisstofnun telur þó að í tilkynningu um framkvæmdina hefði verið eðlilegt að fjalla um áhrif breyttrar legu Álftanesvegar á varpsvæði kríu.

Gróður

Í umfjöllun um gróður í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. um áhrif á gróður: „*Færsla vegarins gæti þó haft nokkuð neikvæð áhrif á hraungróður því hugsanlegt er að í úfnari hraunkanti Garðahrauns sé gróður fjölbreyttari en þar sem áður var fyrirhuguð að nýr Álftanesvegar færi upp á hraunið. Í framangreindri matsskýrslu kom fram að talið er að leið D fyrir Álftanesveg sé ákjósanlegust með tilliti til gróðurs því að gróðurfélög eru þar einsleitnari en viða annars staðar í hrauninu.*“

Í greinargerðum um flóru og gróður á fyrirhuguðu vegarstæði á Álftanesi, sem unnar voru í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar, kom fram að gildi Gálghrauns hvað gróður varðaði fælist fyrst og fremst í mikilli tegundaaðgi og því hversu fjölbreyttan gróður þar væri að finna. Fjölbreytni gróðurfélaga ræðst einkum af því hversu margbrotið yfirborð hraunanna er. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð breyting á legu Álftanesvegar gæti haft neikvæð áhrif á hraungróður þar sem gróður í hrauninu er almennt fjölbreyttari þar sem hraunið er úfnara, sbr. umfjöllun í fyrrgreindum greinargerðum.

Efnistaka

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er heildarefnispörf fyrir nýjan Álftanesveg nú áætluð 100.000 m³ í stað 200.000 m³ áður, meðal annars vegna þess að Vífilsstaðavegur verður ekki byggður að sinni né vegamót honum tengd. Við framkvæmdirnar er áætlað að nýta megnið af því efni sem kemur úr skeringum í vegina sem gæti numið um 100.000 m³ fyrir Álftanesveg sem er sama magn og áætlað var í mati á umhverfisáhrifum vegna Álftanesvegar og lengingar Vífilsstaðavegar. Fram kemur að það efni sem upp á vantar verður sótt í viðurkendnar námur sem eru í rekstri á eða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í tilkynningu um framkvæmdina kemur ekki fram hvort aukið efni fæst úr skeringum vegna breyttrar legu vegarins.

Hljóðvist

Í tilkynningu um framkvæmdina er m.a. vísað til þess að í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða sé sett viðmiðunargildið 55 dB fyrir umferðarhávaða utan við íbúðarhúsnæði. Þar segir einnig: „*Miðað við útlínur fyrirhugaðrar byggðar á Garðaholti eins og hún er samkvæmt gildandi aðalskipulagi Garðabæjar lenda rúmlega 5 ha innan 55 dB markanna. Samkvæmt breytingum á aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að útlínur byggðarinnar verði í sömu fjarlægð frá veginum og áður var ákveðið sem og útlínur blandaðrar byggðar norðan við hann. Því er talið að færsla nýs Álftanesvegar muni hafa óveruleg áhrif á áður reiknaða*

hljóðvist í byggð. “ Þá er þess getið að í matsskýrslu fyrir Álftanesveg hafi verið gert ráð fyrir að með hljóðmönnum verði umferðarhávaði í byggð minnkaður og reynt að koma hljóðstiginu niður fyrir 55 dB mörkin.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er fjallað um hvort breytt hæðarlega vegarins hafi áhrif á hljóðvist. Þrátt fyrir að útlínur byggðarinnar á uppdrætti verði í sömu fjarlægð frá veginum og áður verður að taka tillit til aðstæðna á viðkomandi stað og því að nú er gert ráð fyrir íbúðarbyggð beggja vegna vegarins. Hávaði er sá þáttur sem einna mestu máli skiptir fyrir íbúa í þéttbýli og verður því að mati Umhverfisstofnunar að gera kröfu um ítarlega umfjöllun um þann þátt. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir hljóðvist í tilkynningu um framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur að liggja verði ljóst fyrir hvert hljóðstig verði eftir lagningu Álftanesvegar miðað við umferðarspár. Stofnunin telur því að uppfæra verði hljóðvistarútreikninga miðað við breytta legu Álftanesvegar og leggja fram hljóðvistarkort sem sýna niðurstöður þeirra útreikninga. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvort og þá hvar þörf er á mótvægisáðgerðum vegna hávaða.

Umhverfisstofnun vill enn fremur benda á að stofnunin hefur í umsögnum um vegaframkvæmdir og skipulag byggðar ítrekað bent á að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og að skilyrðislaust eigi að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðarinnar. Stofnunin telur að skipulag byggðar eigi alls ekki að miðast við að grípa þurfi til sértækra aðgerða til að uppfylla ákvæði um hljóðvist, ekki síst þar sem hljóðvist skiptir almenning sifellt meira máli.

Loftgæði

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu um framkvæmdina er ekki fjallað um loftgæði.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að gera verði frekari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðvist, jarðmyndanir og fuglalíf, sbr. athugasemdir hér að framan.

Umhverfisstofnun hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að leggja ætti áherslu á endurbyggingu núverandi Álftanesvegar en að öðrum kosti velja leiðir sem liggja sunnar í Gálghrauni til að vernda hraunið sem mest sem eina heild. Þar sem fyrirhugað er að breyta legu Álftanesvegar í því markmiði að nýta betur vegstæði núverandi vegar leggur Umhverfisstofnun til að athugað verði með frekari færslu vegarins og breytingu á afmörkun byggðar með það að markmiði að hlífa Gálghrauni sem mest við raski og vernda það sem eina heild eins og kostur er.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hjalti J Guðmundsson

Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri